

Dómarar

Dómarastig:

Landsdómarar stig 2 eru þeir sem hafa:

- Náð landsdómara stigi 1
- Setið námskeið um skorskráningarkerfi á vegum BFSÍ
- Fengið mat kennara BFSÍ um hæfni í lanseo kerfinu

Landsdómarar stig 2 geta þjónað öllum stöðum sem stig 1 getur. Stig 2 getur einnig skipulagt íslandsmeistaramót og birt/gilt niðurstöður af íslandsmetahæfum mótum.

Landsdómarar stig 1 eru þeir sem hafa:

- Náð amk 80% í skor kafla dómaraprófsins.
- Náð amk 80% í heildar skori á dómaraprófi BFSÍ.
- Hafa staðist verklegt mat á vegum BFSÍ (Verklegt mat er framkvæmt á mótum BFSÍ af yfirdómara þess móts.)
- Hafa tekið öll endurtökupróf sem þörf er á.
- Séu 16 ára eða eldri. (World archery Youth judges þurfa að vera 18-30 ára)

Landsdómarar stig 1 geta þjónað stöðu yfirdómara á móti og bera þá ábyrgð á framgangur mótsins sé samkvæmt reglum WA og BFSÍ, taka á og vinna úr kærum og öðru sem geta komið upp á mótinu. Ef landsdómari er ekki að dæma á mótinu getur það ekki talist gilt til Íslands-, Evrópu- og/eða heimsmeta. (sjá nánar í reglum um Íslandsmet).

Aðstoðardómara eru þeir sem hafa:

- Náð amk 65% í skor kafla dómaraprófsins.
- Náð amk 65% í heildar skori á dómaraprófi BFSÍ.
- Séu 14 ára eða eldri

Aðstoðardómarar geta sinnt öllum dómarastörfum á móti undir landsdómara.

Dómarpróf og viðhald réttinda:

Dómarpróf skulu vera aðgengileg á vefsíðu BFSÍ ásamt kennslu og menntunarefni. BFSÍ skal einnig bjóða upp á námskeið allt árið fyrir einstaklinga sem hafa áhuga á dómgæslu.

Dómarar þurfa að standast stöðupróf á 2 ára fresti vegna reglubreytinga á heimsþingum.

Ef landsdómari hefur ekki tekið stöðupróf innan 2 mánaða frá því að þess var krafist færast landsdómarinn niður í aðstoðardómara.

Ef aðstoðardómari hefur ekki tekið stöðupróf innan 2 mánaða frá því að þess var krafist missir hann dómararéttindin og þarf að taka prófið aftur til að endurvekja réttindin.

Skyldur dómara:

Dómarar móta skulu:

- kynna sér dómarahandbók WA og nýjustu reglur og reglutúlkanir fyrir mótið.
- Fara yfir að búnaður keppenda sé samkv reglum.
- Sjá til þess að uppsetning vallar, fjarlægðir, skotmörk osvfr séu samkv reglum.
- Leysa vandmál sem koma upp á mótinu.
- Sjá til þess að mótið sé rekið í samræmi við reglur BFSÍ og WA

Svipting dómara réttinda:

Dómarar eiga á hættu að vera sviptir dómara réttindum tímabundið eða varanlega ef:

- Dómarar koma ekki til starfa tímanlega og tilkynna ekki forföll, án gildrar ástæðu.
- Dómarar mæta ekki til starfa og tilkynna ekki forföll, án gildrar ástæðu.
- Dómarar sinna ekki skyldum sínum á mótinu.
- Dómarar sýna vítaverða framkomu gagnvart keppendum, starfsmönnum eða áhorfendum.
- Dómarar verða uppvísir af veðmálum tengdum mótum sem þeir geta haft áhrif á.

Gjaldskrá dómara:

Mótshaldarar bera ábyrgð á greiðslum til dómara.

Landsdómari stig 2

1. Íslandsmeistaramót : 40.000.kr
2. Íslandsmót ungmenna og öldunga 40.000.kr
3. Önnur mót : 20.000.kr per dag

Landsdómari stig 1

4. Íslandsmeistaramót : 20.000.kr
5. Íslandsmót ungmenna og öldunga 20.000.kr
6. Önnur mót : 10.000.kr per dag

Ef mótið er ekki í heimabæ landsdómara skulu mótshaldarar greiða ferðakostnað 110.kr per km fyrir landsdómara. Ef gista þarf yfir nótt vegna móts útvega mótshaldarar gistingu fyrir landsdómara.

Skipun dómara á mót:

Á Íslandsmetahæfum mótum innan BFSÍ, skal starfa einn landsdómari (stig 1 eða 2) sem yfirdómari og einn landsdómari stig 2 sem sér um birtingu niðurstaða. Þeir starfsmenn bera ábyrgð á framgangi mótsins og réttum úrslitum.

Formaður BFSÍ skipar dómara á mót.

BFSÍ útvegar búnað og fatnað fyrir starfandi dómara. Umsókn um fatnað og búnað skal vera aðgengileg dómurum á vefsíðu sambandsins.

Heimsálfu-, og heimsdómarar:

BFSÍ greiðir niður að fullu ferð dómara á heims- og heimsálfudómara námskeið sem uppfylla skilyrðin hér fyrir neðan.

Sá dómari þarf að:

1. Hafa að lágmarki 2 ára reynslu við dómgaeslu á íslenskum mótum á vegum BFSÍ.
2. Hafa sinnt stöðu yfirdómara á Íslandsmóti amk 5 sinnum.
3. Hafa meðmæli meirihluta stjórnar BFSÍ.
4. Mæta kröfum alþjóða/heimsálfusambands til að sitja slíkt námskeið.

BFSÍ greiðir einnig niður að fullu ferðir heimsálfu- og heimsdómara til að sinna dómara störfum á mótum WA eða WAE.

Heimsálfu- og heimsdómarar fá einnig 5.000.kr á dag í upphalds kostnað á ferðum alþjóðlega frá BFSÍ.